# AUGLÝSING

## um gagnkvæma niðurfellingu Íslands og Bandaríkjanna á gjöldum af flugvélaeldsneyti o. fl.

Með orðsendingaskiptum hinn 7. júlí og 16. október 1967 var gengið frá samkomulagi stjórnarvalda Íslands og Bandaríkja Ameríku um gagnkvæma niðurfellingu gjalda af flugvélaeldsneyti og -smurningsolíum.

Gildistaka samkomulagsins miðast við hinn 1. júní 1967.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. nóvember 1967.*

**Emil Jónsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

29. desember 1967. Nr. 17.

# AUGLÝSING

## um fullgildingu fjögurra viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu.

Hinn 16. nóvember 1967 undirritaði fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu viðauka nr. 2 og 3 frá 6. maí 1963, nr. 4 frá 16. september 1963 og nr. 5 frá 20. janúar 1966 við Sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem gerður var hinn 4. nóvember 1950. Fullgildingarskjal Íslands að viðaukunum var afhent við sama tækifæri.

Viðaukarnir eru birtir sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, en nánar verður tilkynnt um gildistöku þeirra síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1967.*

**Emil Jónsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

**Fylgiskjal.**

### 2. SAMNINGSVIÐAUKI

**um rétt Mannréttindadómstóls Evrópu til álitsgerða.**

Aðildarríki Evrópuráðs, þau er hér undirrita,

skírskota til ákvæða Sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis, er undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér eftir nefndur „sáttmálinn"), einkum

### PROTOCOL No. 2

**conferring upon the European Court of Human Rights competence to give advisory opinions.**

The member States of the Council of Europe signatory hereto:

Having regard to the provisions of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms signed at Rome on 4th November 1950 (herein-

19. greinar hans, þar sem meðal annarra stofnana er settur á fót Mannréttindadómstóll Evrópu (hér eftir nefndur „dómstóllinn“);

telja nauðsynlegt að veita dómstólnum réttindi til þess að skila álitsgerðum í ákveðnum tilvikum;

og hafa því orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Dómstólnum er heimilt, ef ráðherranefndin æskir, að skila áliti um lögfræðileg atriði, er varða túlkun sáttmálans og viðaukanna við hann.

2. Eigi má í slíkum álitsgerðum fjalla um nokkurt atriði, er varðar efni eða umfang réttinda þeirra eða mannfrelsis, er fjallað er um í I. hluta sáttmálans og viðaukum við hann, né heldur um önnur atriði, sem mannréttindanefndin, dómstóllinn eða ráðherranefndin kynnu að þurfa að taka afstöðu til í framhaldi af málskotum, er efnt kynni að verða til í samræmi við sáttmálann.

3. Nú ákveður ráðherranefnd að æskja álits dómstólsins, og þarfnast slík ákvörðun tveggja þriðju hluta atkvæða fulltrúa þeirra, er sæti eiga í nefndinni.

2. gr.

Dómstóllinn sker úr um það, hvort ósk um álitsgerð, er ráðherranefnd ber fram, sé innan ráðgjafarsviðs hans, svo sem það er skilgreint í 1. grein samningsviðauka þessa.

3. gr.

1. Nú tekur dómstóllinn ósk um álitsgerð til meðferðar, og skulu þá allir dómendur sitja í dómi.

2. Álitsgerðir dómstólsins skulu vera rökstuddar.

3. Nú er álit eigi að öllu eða nokkru leyti gert einróma, og ber hverjum dómara réttur til að setja fram sérálit.

after referred to as „the Convention“) and, in particular, Article 19 instituting, among other bodies, a European Court of Human Rights (hereinafter referred to as „the Court“);

Considering that it is expedient to confer upon the Court competence to give advisory opinions subject to certain conditions;

Have agreed as follows:

Article 1

1. The Court may, at the request of the Committee of Ministers, give advisory opinions on legal questions concerning the interpretation of the Convention and the Protocols thereto.

2. Such opinions shall not deal with any question relating to the content or scope of the rights or freedoms defined in Section 1 of the Convention and in the Protocols thereto, or with any other question which the Commission, the Court or the Committee of Ministers might have to consider in consequence of any such proceedings as could be instituted in accordance with the Convention.

3. Decisions of the Committee of Ministers to request an advisory opinion of the Court shall require a two-thirds majority vote of the representatives entitled to sit on the Committee.

Article 2

The Court shall decide whether a request for an advisory opinion submitted by the Committee of Ministers is within its consultative competence as defined in Article 1 of this Protocol.

Article 3

1. For the consideration of requests for an advisory opinion, the Court shall sit in plenary session.

2. Reasons shall be given for advisory opinions of the Court.

3. If the advisory opinion does not represent in whole or in part the unanimous opinion of the judges, any judge shall be entitled to deliver a separate opinion.

4. Álitsgerðum ber dómstólnum að skila til ráðherranefndar.

4. gr.

Valdsvið dómstólsins skv. 55. grein sáttmálans skal ná til þess að setja þær reglur og sköp, er hann telur þurfa vegna samningsviðauka þessa.

5. gr.

1. Samningsviðauki þessi liggur frammi til undirskriftar fyrir aðildarríki sáttmálans, og geta þau gerzt aðilar:

a) með því að undirrita hann án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki, eða
b) með því að undirrita hann með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki síðar.

Skjöl um fullgildingu eða samþykki ber að afhenda framkvæmdastjóra Evrópuráðs.

2. Viðauki þessi gengur í gildi jafnskjótt og öll aðildarríki sáttmálans hafa gerzt aðilar að honum samkvæmt ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar.

3. Frá því að viðauki þessi gengur í gildi skoðast 1.—4. gr. hans óaðskiljanlegur hluti sáttmálans.

4. Framkvæmdastjóra Evrópuráðs ber að tjá aðildarríkjum ráðsins um

a) allar undirskriftir án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki,
b) allar undirskriftir með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki,
c) öll fullgildingarskjöl eða samþykkis, er fram eru lögð, og
d) hvenær viðauki þessi gengur í gildi í samræmi við 2. málsgrein greinar þessarar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

4. Advisory opinions of the Court shall be communicated to the Committee of Ministers.

Article 4

The powers of the Court under Article 55 of the Convention shall extend to the drawing up of such rules and the determination of such procedure as the Court may think necessary for the purposes of this Protocol.

Article 5

1. This Protocol shall be open to signature by member States of the Council of Europe, signatories to the Convention, who may become Parties to it by:

a) signature without reservation in respect of ratification or acceptance;
b) signature with reservation in respect of ratification or acceptance, followed by ratification or acceptance.

Instruments of ratification or acceptance shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe.

2. This Protocol shall enter into force as soon as all States Parties to the Convention shall have become Parties to the Protocol, in accordance with the provisions of paragraph 1 of this Article.

3. From the date of the entry into force of this Protocol, Articles 1 to 4 shall be considered an integral part of the Convention.

4. The Secretary-General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of:

a) any signature without reservation in respect of ratification or acceptance;
b) any signature with reservation in respect of ratification or acceptance;
c) the deposit of any instrument of ratification or acceptance;
d) the date of entry into force of this Protocol in accordance with paragraph 2 of this Article.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Í Strasbourg 6. dag maímánaðar 1963 á ensku og frönsku, og eru báðir textar jafngildir, í einu eintaki, sem geyma ber í skjalasafni Evrópuráðsins. Ber framkvæmdastjóra að láta öllum ríkjum, sem undirritað hafa, staðfest afrit í té.

Done at Strasbourg, this 6th day of May 1963, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary-General shall transmit certified copies to each of the signatory States.

## 3. SAMNINGSVIÐAUKI

### um breytingu á 29., 30. og 34. grein sáttmálans.

Aðildarríki Evrópuráðsins, þau er hér undirrita,

telja ráðlegt að breyta tilteknum ákvæðum í Sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis, er undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (og hér eftir nefnist „sáttmálinn") um starfsreglur mannréttindanefndar Evrópu.

Hafa þau því samið um það, sem hér segir:

1. gr.

1. 29. grein sáttmálans fellur brott.

2. Þessu ákvæði skal bætt í sáttmálann:

„29. grein.

Nú hefur nefndin tekið við málskoti samkvæmt 25. grein, og er henni engu að síður rétt að hafna því með samhljóða atkvæðum, ef hún telur, að í rannsókn þess hafi komið fram einhver ástæða til frávísunar, svo sem greinir í 27. grein.

Fari svo, ber að tilkynna það málsaðiljum."

2. gr.

Í 30. grein sáttmálans fellur orðið „undirnefnd" brott, en í þess stað kemur orðið „nefndin".

3. gr.

1. Í upphafi 34. greinar sáttmálans koma þessi orð:

„Að höldnum ákvæðum 29. greinar . . ."

## PROTOCOL No. 3

### amending Articles 29, 30 and 34 of the Convention.

The member States of the Council of Europe, signatories to this Protocol,

Considering that it is advisable to amend certain provisions of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms signed at Rome on 4th November 1950 (hereinafter referred to as „the Convention") concerning the procedure of the European Commission of Human Rights,

Have agreed as follows:

Article 1

1. Article 29 of the Convention is deleted.

2. The following provision shall be inserted in the Convention:

„Article 29

After it has accepted a petition submitted under Article 25, the Commission may nevertheless decide unanimously to reject the petition if, in the course of its examination, it finds that the existence of one of the grounds for non-acceptance provided for in Article 27 has been established.

In such a case, the decision shall be communicated to the parties."

Article 2

In Article 30 of the Convention, the word „Sub-Commission" shall be replaced by the word „Commission".

Article 3

1. At the beginning of Article 34 of the Convention, the following shall be inserted:

„Subject to the provisions of Article 29 . . ."

2. Í lok sömu greinar falli þessi orð brott: „Ákvarðanir undirnefndar skulu teknar af meiri hluta meðlima hennar.“

4. gr.

1. Samningsviðauki þessi liggur frammi til undirskriftar fyrir aðildarríki sáttmálans, og geta þau gerzt aðilar:

a) með því að undirrita hann án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki, eða
b) með því að undirrita hann með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki síðar.

Skjöl um fullgildingu eða samþykki ber að afhenda framkvæmdastjóra Evrópuráðs.

2. Viðauki þessi gengur í gildi jafnskjótt og öll aðildarríki sáttmálans hafa gerzt aðilar að honum samkvæmt ákvæðum málsgreinar þessarar greinar.

3. Framkvæmdastjóra Evrópuráðs ber að tjá aðildarríkjum ráðsins um

a) allar undirskriftir án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki,
b) allar undirskriftir með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki,
c) öll fullgildingarskjöl eða samþykkis, er fram eru lögð, og
d) hvenær viðauki þessi gengur í gildi í samræmi við 2. málsgrein greinar þessarar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

Í Strasbourg 6. dag maímánaðar 1963 á ensku og frönsku, og eru báðir textar jafngildir, í einu eintaki, sem geyma ber í skjalasafni Evrópuráðsins. Ber framkvæmdastjóra að láta öllum ríkjum, sem undirritað hafa, staðfest afrit í té.

2. At the end of the same Article, the sentence „the Sub-Commission shall take its decisions by a majority of its members“ shall be deleted.

Article 4

1. This Protocol shall be open to signature by member States of the Council of Europe, who may become Parties to it either by:

a) signature without reservation in respect of ratification or acceptance, or
b) signature with reservation in respect of ratification or acceptance, followed by ratification or acceptance.

Instruments of ratification or acceptance shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe.

2. This Protocol shall enter into force as soon as all States Parties to the Convention shall have become Parties to the Protocol, in accordance with the provisions of paragraph 1 of this Article.

3. The Secretary-General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of:

a) any signature without reservation in respect of ratification or acceptance;
b) any signature with reservation in respect of ratification or acceptance;
c) the deposit of any instrument of ratification or acceptance;
d) the date of entry into force of this Protocol in accordance with paragraph 2 of this Article.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 6th day of May 1963, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary-General shall transmit certified copies to each of the signatory States.

## 4. SAMNINGSVIÐAUKI

**um tiltekin mannréttindi og mannfrelsi, önnur en þau, sem greinir í sáttmálanum og fyrsta viðauka við hann.**

Aðildarríki Evrópuráðsins, þau er hér undirrita,

hafa ákveðið að gera ráðstafanir til þess að tryggja sameiginlega vernd tiltekinna réttinda og mannfrelsis umfram það, er þegar greinir í 1. hluta Sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis, er undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (og hér eftir nefnist „sáttmálinn"), og í 1., 2. og 3. grein fyrsta viðaukans við sáttmálann, er gerður var í París 20. marz 1952.

Hafa þau því samið um það, sem hér segir:

1. gr.

Engan mann má svipta frelsi af þeirri ástæðu einni, að hann getur ekki staðið við gerða samninga.

2. gr.

1. Öllum þeim, er á löglegan hátt eru staddir á landi einhvers ríkis, ber réttur til þess að ferðast að frjálsu og velja sér heimilisfang innan þess ríkis.

2. Öllum ber réttur til brottfarar úr landi, einnig úr eigin landi.

3. Eigi má leggja nokkrar hömlur á vernd slíkra réttinda, umfram það, sem löglegt er og nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi í þágu þjóðaröryggis eða öryggis almennings, í þágu innanlandsfriðar, til varnar gegn glæpum, til heilsugæzlu eða siðferðis eða til verndar réttindum og mannfrelsis annarra.

4. Réttindi þau, er greinir í 1. málsgrein, má á tilteknum landsvæðum skerða, svo fremi slíkt sé gert að lögum og sé réttlætanlegt vegna almannaheillar í lýðræðisþjóðfélagi.

3. gr.

1. Eigi má vísa nokkrum manni úr landi þess ríkis, sem hann er þegn í,

## PROTOCOL No. 4

**securing certain rights and freedoms other than those already included in the Convention and in the first Protocol thereto.**

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Being resolved to take steps to ensure the collective enforcement of certain rights and freedoms other than those already included in Section 1 of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms signed at Rome on 4th November 1950 (hereinafter referred to as „the Convention") and in Article 1 to 3 of the First Protocol to the Convention, signed at Paris on 20th March 1952,

Have agreed as follows:

Article 1

No one shall be deprived of his liberty merely on the ground of inability to fulfil a contractual obligation.

Article 2

1. Everyone lawfully within the territory of a State shall, within that territory, have the right to liberty of movement and freedom to choose his residence.

2. Everyone shall be free to leave any country, including his own.

3. No restrictions shall be placed on the exercise of these rights other than such as are in accordance with law and are necessary in a democratic society in the interests of national security or public safety, for the maintenance of *ordre public*, for the prevention of crime, for the protection of health or morals, or for the protection of the rights and freedoms of others.

4. The rights set forth in paragraph 1 may also be subject, in particular areas, to restrictions imposed in accordance with law and justified by the public interest in a democratic society.

Article 3

1. No one shall be expelled, by means either of an individual or of a collective

hvorki að tilhlutan einstaklings né félagsheildar.

2. Eigi má banna nokkrum manni að koma til þess ríkis, sem hann er þegn í.

measure, from the territory of the State of which he is a national.

2. No one shall be deprived of the right to enter the territory of the State of which he is a national.

4. gr.

Bannað er að gera hópa útlendinga landræka.

Article 4

Collective expulsion of aliens is prohibited.

5. gr.

1. Heimilt er aðildarríkjum, um leið og þau undirrita viðauka þennan, eða hvenær sem er síðar, að afhenda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins yfirlýsingu þess efnis, að þau ábyrgist, að ákvæði samningsviðauka þessa nái til þeirra landsvæða, er þau fara með utanríkismál fyrir, og að hve miklu leyti.

2. Aðildarríki, sem afhent hefur yfirlýsingu í samræmi við næstu málsgrein á undan, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingu um breytingar á fyrri yfirlýsingu eða um uppsögn á gildi samningsviðauka þessa gagnvart einhverju landsvæði.

3. Yfirlýsing, sem fram er lögð samkvæmt þessari grein, telst vera gerð í samræmi við 1. málsgrein 63. greinar sáttmálans.

4. Landsvæði hvers ríkis, sem þessi samningsviðauki nær til, samkvæmt fullgildingu eða samþykki ríkis, og hvert landsvæði, sem þessi samningsviðauki nær til samkvæmt yfirlýsingu ríkis í samræmi við grein þessa, ber að skoða sem aðgreind landsvæði, að því er varðar ákvæðin í 2. og 3. grein um landsvæði ríkis.

Article 5

1. Any High Contracting Party may, at the time of signature or ratification of this Protocol, or at any time thereafter, communicate to the Secretary-General of the Council of Europe a declaration stating the extent to which it undertakes that the provisions of this Protocol shall apply to such of the territories for the international relations of which it is responsible as are named therein.

2. Any High Contracting Party which has communicated a declaration in virtue of the preceding paragraph may, from time to time, communicate a further declaration modifying the terms of any former declaration or terminating the application of the provisions of this Protocol in respect of any territory.

3. A declaration made in accordance with this Article shall be deemed to have been made in accordance with paragraph 1 of Article 63 of the Convention.

4. The territory of any State to which this Protocol applies by virtue of ratification or acceptance by that State, and each territory to which this Protocol is applied by virtue of a declaration by that State under this Article, shall be treated as separate territories for the purpose of the references in Articles 2 and 3 to the territory of a State.

6. gr.

1. Aðildarríkja í milli gilda ákvæði 1.—5. gr. þessa viðaukasamnings eins og viðaukagreinar við sáttmálann, og gilda öll ákvæði hans í samræmi við það.

2. Eigi að síður koma réttindi einstaklinga til málskots, svo sem þau eru viðurkennd með yfirlýsingu í samræmi við 25.

Article 6

1. As between the High Contracting Parties the provisions of Articles 1 to 5 of this Protocol shall be regarded as additional Articles to the Convention, and all the provisions of the Convention shall apply accordingly.

2. Nevertheless, the right of individual recourse recognised by a declaration made under Article 25 of the Convention.

gr. sáttmálans, eða með yfirlýsingu um lögsögu dómstólsins, svo sem hún er viðurkennd með yfirlýsingu í samræmi við 46. gr. sáttmálans, ekki til framkvæmda, að því er viðaukasamning þennan varðar, fyrr en aðildarríki það, sem í hlut á, hefur gert yfirlýsingu um þau réttindi eða fallizt á þargreinda lögsögu að því er varðar öll eða einhver ákvæði 1.—4. gr. viðaukasamnings þessa.

7. gr.

1. Samningsviðauki þessi liggur frammi til undirskriftar fyrir þau aðildarríki Evrópuráðsins, sem eru aðilar að sáttmálanum, og ber að fullgilda hann samtímis eða síðar en sáttmálinn er fullgiltur. Gengur hann í gildi, þegar fimm fullgildingarskjöl hafa verið lögð fram. Nú fullgilda ríki hann síðar, og gengur hann í gildi gagnvart þeim á þeim degi, er fullgilding er fram lögð.

2. Fullgildingarskjöl ber að afhenda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, og tilkynnir hann öllum aðildarríkjum um, hver þeirra fullgilt hafi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa full umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

Í Strasbourg 16. dag septembermánaðar 1963 á ensku og frönsku, og eru báðir textar jafngildir, í einu eintaki, sem geyma ber í skjalasafni Evrópuráðsins. Ber framkvæmdastjóra að láta öllum ríkjum, er undirritað hafa, staðfest afrit í té.

or the acceptance of the compulsory jurisdiction of the Court by a declaration made under Article 46 of the Convention, shall not be effective in relation to this Protocol unless the High Contracting Party concerned has made a statement recognising such right, or accepting such jurisdiction, in respect of all or any of Articles 1 to 4 of the Protocol.

Article 7

1. This Protocol shall be open for signature by the Members of the Council of Europe who are the signatories of the Convention; it shall be ratified at the same time as or after the ratification of the Convention. It shall enter into force after the deposit of five instruments of ratification. As regards any signatory ratifying subsequently, the Protocol shall enter into force at the date of the deposit of its instrument of ratification.

2. The instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe, who will notify all Members of the names of those who have ratified.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 16th day of September 1963, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary-General shall transmit certified copies to each of the signatory States.

## 5. SAMNINGSVIÐAUKI

### um breytingar á 22. og 40. grein sáttmálans.

Aðildarríki Evrópuráðsins, þau er hér undirrita,

telja að nokkurra örðugleika hafi gætt í framkvæmd ákvæða 22. og 40. gr. sáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis, er undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (og hér eftir nefnist „sátt-

## PROTOCOL No. 5

### amending Articles 22 and 40 of the Convention.

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Considering that certain inconveniences have arisen in the application of the provisions of Articles 22 and 40 of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms signed

málinn"), að því er varðar lengd starfstíma nefndarmanna í mannréttindanefnd Evrópu (sem hér eftir nefnist „nefndin") og dómara í mannréttindadómstól Evrópu (sem hér eftir nefnist „dómstóllinn").

Telja þau æskilegt, eftir atvikum, að kosinn verði þriðja hvert ár helmingur nefndarmanna og þriðjungur dómara.

Telja þau því æskilegt að breyta tilteknum ákvæðum sáttmálans og

hafa því samið um það, sem hér segir:

1. gr.

Í 22. grein sáttmálans koma þessar tvær málsgreinar til viðbótar á eftir 2. málsgrein:

„3. Til þess að tryggja það, svo sem fært er, að skipt verði um helming nefndarmanna þriðja hvert ár, er ráðherranefnd heimilt að ákveða, áður en til síðari kosninga er gengið, að kjör eins eða fleiri nefndarmanna, er kjósa skal, skuli gilda til annars tíma en sex ára, þó eigi skemur en til þriggja ára né lengur en til níu ára.

4. Nú er um starfstíma fleiri en eins nefndarmanna að ræða, en ráðherranefnd fer að ákvæðum næstu málsgreinar á undan, og ákvarðast starfstími samkvæmt hlutkesti, er framkvæmdastjóri annast, að kosningu lokinni."

2. gr.

Í 22. gr. sáttmálans verða fyrri málsgreinarnar 3. og 4. að málsgreinum nr. 5 og 6.

3. gr.

Í 40. grein sáttmálans skal bæta næstu tveim málsgreinum eftir 2. málsgrein:

at Rome on 4th November 1950 (hereinafter referred to as „the Convention") relating to the length of the terms of office of the members of the European Commission of Human Rights (hereinafter referred to as „the Commission") and of the European Court of Human Rights (hereinafter referred to as „the Court");

Considering that it is desirable to ensure as far as possible an election every three years of one half of the members of the Commission and of one third of the members of the Court;

Considering therefore that it is desirable to amend certain provisions of the Convention,

Have agreed as follows:

Article 1

In Article 22 of the Convention, the following two paragraphs shall be inserted after paragraph (2):

„(3) In order to ensure that, as far as possible, one half of the membership of the Commission shall be renewed every three years, the Committee of Ministers may decide, before proceeding to any subsequent election, that the term or terms of office of one or more members to be elected shall be for a period other than six years but not more than nine and not less than three years.

(4) In cases where more than one term of office is involved and the Committee of Ministers applies the preceding paragraph, the allocation of the terms of office shall be effected by the drawing of lots by the Secretary General, immediately after the election."

Article 2

In Article 22 of the Convention, the former paragraphs (3) and (4) shall become respectively paragraphs (5) and (6).

Article 3

In Article 40 of the Convention, the following two paragraphs shall be inserted after paragraph (2):

„3. Til þess að tryggja það, svo sem fært er, að skipt verði um þriðjung dómara þriðja hvert ár, er ráðgjafarþingi heimilt að ákveða, áður en til síðari kosninga er gengið, að kjör eins eða fleiri dómara, er kjósa skal, skuli gilda til annars tíma en níu ára, þó eigi lengur en til tólf né skemur en sex ára.

4. Nú er um starfstíma fleiri en eins dómara að ræða, en ráðgjafarþing fer að ákvæðum næstu málsgreinar á undan, og ákvarðast starfstími samkvæmt hlutkesti, er framkvæmdastjóri annast, að kosningu lokinni."

„(3) In order to ensure that, as far as possible, one third of the membership of the Court shall be renewed every three years, the Consultative Assembly may decide, before proceeding to any subsequent election, that the term or terms of office of one or more members to be elected shall be for a period other than nine years but not more than twelve and not less than six years.

(4) In cases where more than one term of office is involved and the Consultative Assembly applies the preceding paragraph, the allocation of the terms of office shall be effected by the drawing of lots by the Secretary General immediately after the election."

4. gr.

Í 40. gr. sáttmálans verða fyrri málsgreinarnar nr. 3 og 4 að málsgreinum nr. 5 og 6.

Article 4

In Article 40 of the Convention, the former paragraphs (3) and (4) shall become respectively paragraphs (5) and (6).

5. gr.

1. Samningsviðauki þessi liggur frammi til undirskriftar fyrir aðildarríki sáttmálans, og geta þau gerzt aðilar:

a) með því að undirrita hann án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki, eða
b) með því að undirrita hann með fyrirvara um fullgildingu eða samþykkt síðar.

Skjöl um fullgildingu eða samþykki ber að afhenda framkvæmdastjóra Evrópuráðs.

2. Viðauki þessi gengur í gildi jafnskjótt og allir samningsaðilar sáttmálans hafa gerzt aðilar að honum samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar.

3. Framkvæmdastjóra Evrópuráðs ber að tjá aðilum ráðsins um

a) allar undirskriftir án fyrirvara um fullgildingu eða samþykki,
b) allar undirskriftir með fyrirvara um fullgildingu eða samþykki,
c) öll fullgildingarskjöl, eða samþykkis, er fram eru lögð, og

Article 5

1. This Protocol shall be open to signature by Members of the Council of Europe, signatories to the Convention, who may become Parties to it by:

a) signature without reservation in respect of ratification or acceptance;
b) signature with reservation in respect of ratification or acceptance, followed by ratification or acceptance.

Instruments of ratification or acceptance shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

2. This Protocol shall enter into force as soon as all Contracting Parties to the Convention shall have become Parties to the Protocol, in accordance with the provisions of paragraph 1 of this Article.

3. The Secretary General of the Council of Europe shall notify the Members of the Council of:

a) any signature without reservation in respect of ratification or acceptance;
b) any signature with reservation in respect of ratification or acceptance;
c) the deposit of any instrument of ratification or acceptance;

d) hvenær viðauki þessi gengur í gildi í samræmi við 2. málsgrein greinar þessarar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

Í Strasbourg 20. dag janúarmánaðar 1966 á ensku og frönsku, og eru báðir textar jafngildir, í einu eintaki, sem geyma ber í skjalasafni Evrópuráðsins. Ber framkvæmdastjóra að láta öllum ríkjum, sem undirritað hafa, staðfest afrit í té.

d) the date of entry into force of this Protocol in accordance with paragraph 2 of this Article.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 20th day of January 1966, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary-General shall transmit certified copies to each of the signatory Governments.

30. desember 1967. Nr. 18.

# AUGLÝSING

## um breytingar á alþjóðasamningi um skipamælingar.

Hinn 21. maí 1965 var gerður í Osló samningur um breytingar á 5., 8. og 12. gr. samnings um samræmda aðferð við skipamælingar frá 10. júní 1947.

Breytingarnar hafa verið staðfestar af Íslands hálfu og munu öðlast fullnaðargildi þegar öll þátttökuríkin hafa staðfest þær. Nánar verður auglýst um gildistökuna síðar.

Umræddar greinar hins upphaflega samnings, eins og þær hljóða eftir breytingarnar, eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. desember 1967.*

**Emil Jónsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

**Fylgiskjal.**

### BREYTINGAR

**á samningi um samræmda aðferð við skipamælingar.**

5. gr.

Hið alþjóðlega mælingarbréf skal samið á hinu opinbera máli þess lands, sem gefur það út. Ef sú tunga er ekki enska, ber að þýða textann á ensku að nokkru eða öllu leyti, eftir því sem rétt kann að vera talið.

Form mælingarbréfsins skal vera hið viðeigandi form þeirra fyrirmynda, sem gefnar eru á fylgiskjölum 1, 1A, 1B og 2 tilheyrandi viðauka B.

### AMENDMENTS

**to the Convention on a Uniform System of Tonnage Measurement of Ships.**

Article 5

The International Tonnage Certificate shall be drawn up in the official language of the country by which it is issued. If that language is not English, the text should be rendered in English, in part or in full, as may be considered appropriate.

The form of the Tonnage Certificate shall be that of the appropriate model, given in Appendices 1, 1A, 1B and 2 of the Annex B.